

16. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8.-11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

17. gr.

Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júní 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003,
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Til 31. ágúst 2003 eru veiðar með fiskibotnvörpu heimilar á svæði samkvæmt 1. gr. togbátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri, enda séu vörpur þeirra búnar legggugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 24. júní 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. júní 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.